

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Heilsuleikskólans

Suðurvalla skólaárið 2024-2025

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsaganir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámsskrár og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámsskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysavarnamála eftir því sem við á (Aðalnámsskrá 2009/52).

Foreldraráð Heilsuleikskólans Suðurvalla staðfestir með undirskrift sinni hér neðar að það hefur fjallað um starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2024 - 2025 í samræmi við lög um leikskóla frá 2008, 11. grein.

Umsögn:

Foreldraráð hefur fjallað um starfsáætlun leikskólans á fundi sínum 12.06.2024. Uppsetning áætlunar er mjög skýr og læsileg. Þar er gerð skýr grein fyrir hlutverki leikskólans og áherslupáttum í starfi. Skemmtilegt er að sjá í starfsmanna yfirliti að aukning er á menntuðu starfsfólki eða u.þ.b. 8%. Ráðið hefur verið í allar stöður fyrir haustið utan hálfstöðugildi vegna sérkennslu. Unnið er að því að leysa það fyrir næsta skólaár í samstarfi við nýjan leikskólastjóra.

Ánægjulegt er að sjá með innkomu Suðurkots þá er staða hvað varðar inntöku nýrra nemenda á góðum stað og viðmiðum Sveitarfélagsins náð.

Stefnumál skólans eru skýr og vel uppsett. Markmiðin eru vel útfærð og þannig sett upp að auðvelt sé hægt að framfylgja þeim. Mat á starfi skólans, þar er framfylgt ákveðinni matsáætlun þar sem allir koma að málum sem tengjast leikskólanum þ.m.t. starfmenn, börn og foreldrar.

Í umbótaráætlun er skýrt tekið fram hvað þarf að bæta og með hvaða hætti áætlað er að ná þeim umbótum.

Foreldraráð lýsir ánægju að tekið sé upp vinuáttuverkefnið Blær og innleiðing Grænfána verkefnis verði haldið áfram næsta skólaár.

Skóladagatal var yfirlit á fundi fyrr vetur og samþykkt af foreldraráði.

Heilt yfir er foreldraráð ánægt með vel unna og skýra starfsáætlun leikskólans og vonumst til þess að öllum markmiðum hvað varðar starfsáætlun náist.

Gert á fundi foreldraráðs, __12__/_júni/_2024__

Fyrir hönd foreldraráðs,



Fyrir hönd Heilsuleikskólans Suðurvalla,


